

Drög
REGLUGERÐ
um skráningarskyldan atvinnurekstur.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðum umhverfi. Jafnframt er markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningarskyldan atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka við reglugerð þessa.

3. gr.

Skráningarskylda.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar, sbr. viðauka, skal áður en starfsemi hefst skrá starfsemina hjá Umhverfisstofnun.

Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila staðfestingu skv. 7. gr.

Umhverfisstofnun staðfestir skráningu rekstraraðila þegar hann hefur skráð fullnægjandi upplýsingar og staðfest yfirlýsingu um að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf.

4. gr.

Upplýsingar um starfsemi, yfirlýsing rekstraraðili og staðfesting á skráningu.

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um rekstraraðila, lýsingu á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, staðsetningu starfseminnar, fastanúmer fasteignar þar sem starfsemi fer fram og eiganda hennar ásamt öðrum upplýsingum eða gögnum sem Umhverfisstofnun telur nauðsynleg.

Rekstraraðili skal við skráningu lýsa því yfir að hann uppfylli þær almennu kröfur sem gilda um atvinnureksturinn og að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar.

Þegar fullnægjandi upplýsingar og yfirlýsing rekstraraðila liggja fyrir staðfestir Umhverfisstofnun skráninguna og tilkynnir rekstraraðila, eiganda fasteignar og viðkomandi heilbrigðisnefnd um skráningu atvinnurekstrar. Umhverfisstofnun sendir jafnframt upplýsingar um starfsemina til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Almenn starfsskilyrði.

Umhverfisstofnun gefur út almennar kröfur sem gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur, sbr. viðauka, þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til hlutaðeigandi atvinnurekstrar.

Umhverfisstofnun skal hafa almenn starfsskilyrði aðgengileg á vefsvæði sínu.

6. gr.

Ábyrgð rekstraraðila.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf og að skráðar upplýsingar um starfsemi hans séu réttar.

7. gr.

Skráning.

Umhverfisstofnun sendir rekstraraðila rafræna staðfestingu um að starfsemi hans sé skráð.

8. gr.

Breytingar á starfsemi.

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara hjá Umhverfisstofnun

9. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri. Eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti.

10. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir skráningu og breytingar á skráningu samkvæmt reglugerð þessar. Gjaldtaka með reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti.

11. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Um málsmeðferð og úrskurði, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Afturköllun skráningar

Rekstraraðili getur afskráð starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun. Heilbrigðisnefnd skal framkvæma lokaftirlit við afskráningu.

13. gr.

Lagastöð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar ber hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd að veita Umhverfisstofnun upplýsingar um þá starfsemi sem hefur gild starfsleyfi og fellur undir reglugerðina á sniðmáti sem Umhverfisstofnun ákveður sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun færir þær upplýsingar inn í miðlæga skrá sína eins fljótt og verða má. Áður en þessi starfsleyfi renna út ber rekstraraðila að skrá starfsemi sína samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

B.t. Sigurbjargar Sæmundsdóttur

Skuggasundi 1

150 Reykjavík

Reykjavík 30. ágúst 2019

Vísað er til tölvupósts umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UAR) dags. 16. ágúst sl. til stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlits á Íslandi (SHÍ) þar sem óskað er eftir umsögn um meðfylgjandi drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur dags. 10. júlí 2019. Einnig var þann 23. ágúst sl. haldinn kynningarfundur hjá ráðuneytinu með stjórn SHÍ ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) þar sem drögin voru kynnt og rædd.

Almennt:

Varðandi skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu er hvorki hægt að koma auga á hagræðingu né einföldun við breytinguna og hafa fjölmargir innan raða heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna (HES) lýst yfir efasemdum með breytingarnar. Leiða má líkum að því að tilgangurinn sé að reyna að einfalda atvinnurekendum að hefja starfsemi. Það kemur þó hvergi fram í drögunum. Hins vegar er markmið með reglugerðinni að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda ómengað umhverfi. Ekki er á nokkurn hátt hægt að sjá hvernig það að taka upp skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu styðji við það markmið. SHÍ telur að með reglugerðinni sé verið að koma á fót tvöföldu kerfi skráninga með tilheyrandi kostnaði fyrir atvinnulífið og tvíverknaði hjá eftirlitsaðilum. Hætta er á að rekstaraðilar telji að breytingin hafi í för með sér afslátt á kröfum til viðkomandi starfsemi. Einnig má leiða líkum að því að talsvert verði um leiðréttingar og úrbótakröfur eftir á þar sem fyrirtæki mega hefja starfsemi eftir að hafa fyllt út boðað skráningarform hjá Umhverfisstofnun (UST) áður en úttekt HES hefur farið fram. Ekkert liggur fyrir hver kostnaður fyrirtækja verður við þessa breytingu en fyrir liggur að UST á að gjaldfæra fyrir skráningar og það mun HES einnig þurfa að gera sín megin þ.e. að innheimta gjald fyrir eftirlit og aðra umsýslu. Þannig á þessu stigi liggur ekki fyrir hver áhrif breytingarnar munu hafa á fjárhag HES.

Ef reglugerðin á að taka gildi óbreytt er það mat SHÍ að ítarleg kynning á reglugerðinni þurfi að fara fram hjá öllum hagaðilum eftir opinbert umsagnaferli og að álitafnum hafi verið svarað.

Athugasemdir við einstaka greinar:

1. gr. Sjá umfjöllun hér að ofan. Óskað er eftir skýringum á því hvernig markmiðið er uppfyllt með upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu.
2. gr. Atvinnurekstur sem talinn er upp í viðauka er að mestu sambærilegur Auglýsingur nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Ekki er ljóst hvað er lagt til grundvallar við val á starfssemi sem gera á skráningarskylda en gera verður kröfu um að það sé gagnsætt og vel rökstutt hvers vegna ákveðin starfsemi fer úr því að vera leyfisskyld í að vera skráningarskyld. Nauðsynlegt er að fara í áhættumat á fyrirtækjum áður en ákvörðun er tekin um

hvort fyrirtæki eigi að vera skráningarskyld. Benda má á að stærð og umfang fyrirtækja í hverjum flokki getur verið mjög mismunandi og geta því einstaka fyrirtæki innan flokks valdið meiri umhverfisáhrifum heldur en önnur. SHÍ tekur undir það sem kemur fram í umsögn SÍS að stíga ætti varlega til jarðar og styðjast frekar við þær hugmyndir sem settar voru fram af umhverfisgæðahópi UST og HES. Sem dæmi má nefna bensínstöðvar sem að mati SHÍ/umhverfisgæðahóps eiga að vera starfsleyfisskyldar. Þannig telur SHÍ eðlilegt að byrja á að gera tímabundna starfsemi skráningarskylda s.s. brennur, vinnubúðir og niðurrif húsa og mannvirkja og þar með óþarft að fara í auglýsingaferil með slíka starfsemi. Einnig er mælt með að fyrirtæki með lágt skor í áhættumati verði einungis gerð skráningarskyld ef ekki er fallist á tímabundnu starfseminu í byrjun. Þá þarf að liggja fyrir hvort einstaka fyrirtæki sem yrði á lista yfir skráningarskyld fyrirtæki gæti, vegna sérstakra aðstæðna, t.d. vegna viðkvæmrar staðsetningar sem skorar hátt í áhættumati, orðið starfsleyfisskyld.

3. gr. Fyrir kemur að fyrirtæki hefji starfsemi án þess að sækja um starfsleyfi og ber að stöðva slíka starfsemi. Skýrt þarf að vera hvort stöðva beri skráningarskylda starfsemi sem hefur hafið rekstur án þess að skrá sig þar til gengið hafi verið frá skráningu og hvort HES eða UST eigi að beita viðurlögum í þeim tilfellum sem HES finnur óskráð fyrirtæki eða uppgötvar á annan hátt.

Bæta þarf við að mati SHÍ ákvæðum um gildistíma skráninga og endurskoðun. Í greininni mætti einnig (eða í 7. gr. eða sér grein) taka fram hvernig staðið skuli að afskráningu fyrirtækja hjá bæði UST og HES. Fyrir liggur að HES mun alltaf þurfa að skrá í skjalavistunarkerfi sín fyrirtæki undir eftirliti.

4. gr. Að mati SHÍ vantar í greinina nánari lýsingu á því hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að hefja skráningarskyldan rekstur. Nauðsynlegt er að fyrir liggja staðfesting byggingarfulltrúa á að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis og þar með í samræmi við skipulag. Ef þessi atriði eru hluti af skráningunni hlýtur UST að ganga eftir því að skilyrðum skráningar séu uppfyllt. Verði ekki tekið á þessu í greininni fellur það á HES að vinna úr því eftir á og rekstaraðili gæti lent í miklum erfiðleikum fyrir vikið, standist hann ekki kröfur. Í greininni ætti einnig koma fram að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um fyrirtæki sem hafa fengist skráð og hvar hægt er að nálgast þær upplýsingar.

5. gr. Greinina þarf að útfæra betur. Tryggja þarf að heilbrigðisnefnd geti sett sértæk skilyrði þegar slíkt á við umfram almenn starfsskilyrði. Einnig þarf að skoða ákvæði annarra reglugerða t.d. í gr. 19 í reglugerð nr. 884/2017 en þar segir að innra eftirlit á bensínstöð skuli taka mið af ákvæðum í starfsleyfi. Ef ekki er lengur starfsleyfisskylda, þá þarf að vera skýrt hvar viðkomandi ákvæði koma fram.

7. gr. Ekki er skýrt í greininni hvort rekstaraðili má hefja starfsemi strax að lokinni þessari tilkynningu eða ekki. SHÍ mælir með að greinin verði útfærð þannig að áður en starfsemi hefst sé tryggt að HES hafi farið í úttekt og sannreynt að starfsemin standist kröfur sbr. ákvæði 6. gr.

8. gr. Í greininni þarf að skýra hvað sé hæfilegur fyrirvari og eins hvenær UST á tilkynna HES um breytingar á starfsemi.

9. gr. Í greininni mætti telja til olíureglugerð og fleiri reglugerðir.

10. gr. Í greinina vantar að fjalla um gjaldtökuheimildir HES fyrir eftirlitsgjöld og aðra vinnu við umsýslu skráningarskyldrar starfsemi.


12. gr. Bæta þarf við greinina að UST sendi HES tilkynningu þar um. Auk þess þarf að útskýra hvað orðið lokaeftirlit þýðir s.s. hvernig slíkt eftirlit fer fram og hvenær telst fullsannað að starfsemi sé hætt. Einnig þarf að vera skýrt hvernig á að gjaldfæra slíkt eftirlit. Ekki liggur ljóst fyrir hvort áfram sé hægt að taka lögveð í fasteign.

Að lokum ítrekar SHÍ það sem áður hefur komið fram að ef reglugerð þessi verður að veruleika er nauðsynlegt að þessar breytingar verði gerðar í samræmi við aðrar reglugerðir þar sem gengið er út frá starfsleyfisskyldu s.s. olíureglugerð. Einnig vill SHÍ nota tækifærið og benda á að í 46.3 gr. laga nr. 7/1998 vantar t.d. að setja inn í setninguna "...og skráningarskyldan rekstur".

HES telur að breyting yfir í að fyrirtæki verði skráningarskyld í stað starfsleyfisskyldu þarfnist meiri undirbúnings og aðlögunar og innleiðing hennar geti ekki orðið fyrr en áhættumat og almenn starfsleyfisskilyrði í þeim fyrirtækjaflokkum sem um ræðir liggur fyrir. Til þess að það verði þarf að fara fram samræmingarvinna og samtal milli HES og UST. SHÍ tekur undir með SÍS hvað þetta varðar og annað í umsögn SÍS dags. 23. ágúst 2019 um reglugerðardrögin.

Umsögn þessi er gerð í samráði við framkvæmdastjóra HES. SHÍ óskar eftir að við frekari vinnslu reglugerðarinnar verði haft ítarlegt samráð við HES.

Virðingarfyllst f.h. Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi


Árný Sigurðardóttir, ritari stjórnar

Notandi: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir" <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Dagsetning: 16.8.2019 15:33:36

Til: "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>, "Sigurjón Þórðarson" <sigurjon@hmv.is>, "Jón Haukur Ingvason" <jhi@trader.is>, "Guðjón Bragason" <gudjon.bragason@samband.is>

Afrit til: "Kjartan Ingvarsson" <kjartan.ingvarsson@uar.is>, "Agnar Bragi Bragason"

<Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is>

Efni: UMH19080036 Athugasemdir óskast við drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur

Sæl og blessuð.


Hér með er óskað eftir athugasemdum SHÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga við meðfylgjandi drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur ásamt viðauka áður en að drögin verða sett í almenna kynningu. Ráðuneytið áformar að setja drögin í kynningu í samráðsgátt september nk.

Óskar ráðuneytið eftir athugasemdum eigi síðar en 30. ágúst nk.

Jafnframt boðar ráðuneytið fulltrúa SHÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga til fundar til að ræða reglugerðina og upplýsa um stöðu mála vegna starfsleyfisskilyrða og gagnamála. Sá fundur er fyrirhugaður 28. ágúst nk. og verður boðaður sérstaklega.

Með ósk um góða helgi.

Kv. SSæm



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 23. ágúst 2019

1908024SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að rg. um skráningarskyldan atvinnurekstur

Vísað er til draga að reglugerð sem send voru í tölvupósti frá ráðuneytinu 16. ágúst sl. Rétt er að hafa þann almenna fyrirvara að skammur tími hefur gefist til umsagnar og er áskilinn réttur til að setja fram frekari ábendingar síðar, m.a. í ljósi umræðna á fundi um málið sem haldinn var í ráðuneytinu í dag.

Almennt um reglugerðina

Um er að ræða útfærslu á 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. lög nr. 66/2017 um innleiðingu tilskipunar ESB um losun frá iðnaði. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði verulegar athugasemdir við frumvarp sem varð að lögum nr. 66/2017 og var tekið nokkurt tillit til þeirra við umfjöllun á Alþingi. Þannig segir í [álitum umhverfis- og samgöngunefndar](#) um frumvarpið:

Nefndinni hefur verið bent á að síðan árið 2000 hafi verið í gildi auglýsing frá umhverfisráðuneytinu um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Í auglýsingunni felist nokkurs konar ígildi skráningarskyldu fyrir tiltekna, einfalda atvinnustarfsemi sambærilega þeirri sem talin er upp í viðaukum III–V í frumvarpinu. Raunveruleg breyting frá núverandi framkvæmd, verði frumvarpið að lögum óbreytt, varði því einkum starfsemi sem tilgreind er í viðauka II.

Nefndin telur rétt að stíga varlega til jarðar í þessum efnum. Leggur nefndin til að starfsemi í viðauka II verði undanskilin heimild ráðherra til að kveða á um skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Samhliða leggur nefndin til breytingar á viðaukum II og IV sem miða að því að halda verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda við útgáfu starfsleyfa sem næst óbreyttri frá núverandi horfi.

Verði frumvarpið samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin leggur til verður ráðherra sem fyrr greinir veitt heimild til að kveða á um að atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðaukum III–V verði háð skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Nefndin leggur þann skilning til grundvallar að viðtækt samráð skuli fara fram við hlutaðeigandi aðila og að öll sjónarmið verði virt og metin áður en ákvörðun um beitingu heimildarinnar fyrir tiltekna atvinnustarfsemi verði tekin. Þess verði gætt að undanþáguheimild þessi verði einkum nýtt fyrir smærri tegundir starfsemi sem ljóst sé að ekki stafi hætta af með tilliti til umhverfismengunar eða af öðrum völdum.

Sambandið leggur áherslu á að við útfærslu 8. gr. í reglugerð þeirri sem nú er stefnt að því að setja verði, líkt og segir í nefndarálitinu, stigið varlega til jarðar og að

reglugerðin taki fyrst og fremst til umfangslíttillrar atvinnustarfsemi sem fær lágt skor í áhættumati. Jafnframt þarf að fara vandlega yfir hvort viðauki sé nægilega nákvæmur þannig að t.d. eðlislík starfsemi, á borð við tannlæknastofur og tannsmíðaverkstæði, lúti ekki mismunandi reglum.

Á fundi með ráðuneytinu í dag gafst færi til þess að ræða við ráðuneytið, umhverfisstofnun og Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða um gildissvið viðauka við reglugerðina. Fljótt á litið er sambandið þeirrar skoðunar að of bratt sé af stað farið í viðaukanum og fjöldi þeirra fyrirtækja sem verði skráningarskyld í stað þess að þurfa að sækja um starfsleyfi sé of mikill. Tilefni er m.a. til að endurskoða með hliðsjón af áhættumati hvort bensínstöðvar, gístaðir í flokki II, fiskvinnslur, tannlæknastofur, kaffibrennslur og mjólkurstöðvar verði felldar undir viðauka.

Forsenda gagnvart áætlaðri gildistöku 1. janúar 2020 er að skráningarkerfi Umhverfisstofnunar verði til staðar og að einnig sé búið að þróa kerfi sem sendir sjálfkrafa tilkynningar til viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Önnur mikilvæg forsenda er að fyrir liggja samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir alla starfsemi sem ákveðið verður að fari í viðauka með reglugerðinni. Í þriðja lagi er mikilvægt að þær miklu breytingar sem reglugerðin felur í sér hljóti vandaða kynningu gagnvart stjórnvöldum, atvinnulífi og almenningi í tæka tíð fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Eftir lestur reglugerðardraganna og fund með ráðuneytinu standa enn eftir töluvert margar spurningar um hvernig þvingunarúrræði, eins og vikið var að á bls. 5-6 í umsögn um frumvarpið um innleiðingu losunartilskipunar, m.a. um stöðvun starfsemi sem hafin er en uppfyllir ekki skilyrði. Mikilvægt er að við frekari útfærslu og kynningu á reglugerðinni liggja skýrari svör fyrir um slík atriði.

Að lokum er tilefni til að velja því upp hvort í markmiðsgreininni, 1. gr., ætti ekki að tala um markmið um einföldun regluverks, fremur en markmið um umhverfisgæði. Tilefni er þó einnig til að lýsa umtalsverðum efasemdum um að reglugerðin og hollustuháttalögin stuðli að einföldun.

Athugasemdir við einstakar greinar

1)) *Ábyrgð rekstraraðila, 5. og 6. gr.*

Í 6. gr. um ábyrgð rekstraraðila er engin vísun til ákvæða hollustuháttalaganna um skyldur rekstraraðila, viðurlög o.fl. Í 5. gr. er heldur ekki vísað til helstu reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tilefni er til þess að áréttast að í reglugerðinni þurfa að koma fram skýrar leikreglur sem ekki vefjast fyrir ólögglærðum forsvarsmönnum rekstraraðila. Við gerð reglugerðarinnar ætti jafnframt að forðast að vekja upp væntingar rekstraraðila um að reglugerðin feli í sér tæmandi upptalningu á kröfum til starfsemi þeirra.

Til dæmis virðist tilefni til að velja upp tengslum á milli rangrar upplýsingagjafar/ófullkominnar skráningar á 61. og 62. gr. laganna um viðurlög annars vegar forsvarsmanna og hins vegar lögaðila. Útmála ætti mjög skýrt í reglugerðinni hver beri ábyrgð á því að skráning sé rétt og að hún haldist rétt og hvaða viðurlögum það varði að bregðast þeirri skyldu. Á slík brot mun án efa reyna við framkvæmd reglugerðarinnar.

Að áliti sambandsins er ekki fullnægjandi að bregðast við slíkum ábendingum með því að benda á ákvæði laganna. Eins og rakið hefur verið í athugasemdum sambandsins við breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og eftirlit með mengandi starfsemi hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum gert þau með öllu óaðgengileg aflestrar. Af þeirri ástæðu er tilefni til að gera þá kröfu að sú reglugerð sem hér er til umsagnar, og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi sem fellur undir hana, veiti skýrar leiðbeiningar um helstu atriði sem snúa að ábyrgð rekstraraðila gagnvart eftirlitsaðilum.

2) Breytingar á starfsemi, 8. gr.

Ef horft er til þess að almenn starfsleyfisskilyrði verði gefin út fyrir alla starfsemi í viðauka má mögulega sætta sig við að reglugerðin sé ekki ítarleg. Við frekari vinnslu málsins má gjarnan koma fram hversu ítarleg almenn starfsleyfisskilyrði verði, s.s. um hvort þar sé útskýrt hvað teljist vera breyting á starfsemi sem kalli á breytingar á skráningu, sbr. 8. gr., eða mögulega umsókn um starfsleyfi. Í því samhengi virðist tilefni til að horfa til 2. mgr. 6. gr. laganna:

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 14. og 15. gr.

2) Lokaeftirlit við afskráningu, 12. gr.

Um er að ræða nýtt verkefni fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin og mikilvægt að meta tilgang, kostnaðaráhrif og framkvæmanleika slíks eftirlits, t.d. gagnvart aðilum sem eru hættir rekstri vegna gjaldþrots eða annarra ástæðna. Við þær aðstæður er innheimta eftirlitsgjalds mjög torveld. Jafnframt er ljóst að heilbrigðiseftirlit getur ekki krafist lögveðs í húsnæði þar sem starfsemi fer fram, líkt og tíðkast hefur við veitingu starfsleyfa. Fljótt á litið geta kostnaðaráhrif því orðið veruleg.

Á fundi með ráðuneytinu var rætt um að tenging gagnagrunns Umhverfisstofnunar við Fyrirtækjaskrá sé til þess fallin að stuðla að því að rekstraraðilar sem hætta starfsemi verði afskráðir. Einnig ætti að horfa til þess hvort rekstraraðilar eru með virkt VSK-númer hjá Ríkisskattstjóra. Ef slík tenging verður til staðar er mögulega ekki þörf á umfangsmiklu eftirliti við afskráningu fyrirtækja.

3) Gildistaka, sbr. 13. gr. og bráðabirgðaákvæði

Í drögunum er miðað við gildistöku 1. janúar 2020. Almenn starfsleyfisskilyrði hljóta að þurfa að vera tilbúin fyrir þann tíma og er óskað eftir upplýsingum um stöðu þeirrar vinnu, ásamt vinnu við gerð gagnagrunns Umhverfisstofnunar.

Tilefni er til að ræða hversu íþyngjandi það verður fer heilbrigðiseftirlitssvæðin að veita UST upplýsingar um starfsemi með gild starfsleyfi, sbr. brb.ákvæði. Sambandið væntir þess að eitthvert samtal hafi þegar farið fram milli sérfræðinga þessara stofnana um sniðmátið.

Kostnaðaráhrif

Við umfjöllun Alþingis um frumvarp sem varð að lögum nr. 66/2017 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, var lagt fram [minnisblað frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti](#), dags. 11. maí 2017, um áætluð kostnaðaráhrif breytinga á fyrirkomulagi eftirlits sem nú er ætlunin að útfæra nánar í reglugerð. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa af hálfu sambandsins að unnið verði vandað kostnaðarmat um áhrif reglugerðarinnar, enda liggja nú fyrir nánari upplýsingar um fækkun starfsleyfa sem heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa gefið út og innheimt gjald fyrir. Forsenda þess að fyrra mat ráðuneytisins, um að nettóáhrif breytinganna verði engin fyrir sveitarfélögin, fái staðist er að heilbrigðiseftirlitssvæðin geti lagt á eftirlitsgjöld vegna þeirra fyrirtækja sem hér eftir verða skráningarskyld og að þau gjöld nægi til að standa undir kostnaði við umsýslu, eftirlit og leiðbeiningar til rekstraraðila.

Sambandið telur einnig eðlilegt að lagt verði mat á áhrif reglugerðarinnar á rekstraraðila, þar sem greint verði sérstaklega hvort heildarkostnaður atvinnulífsins lækki eða hækki þegar horft er til skráningargjalda sem Umhverfisstofnun leggur á að viðbættum eftirlitsgjöldum sem heilbrigðiseftirlitið leggur á. Einnig væri eðlilegt að við kynningu á reglugerðinni verði lögð vinna í að kynna fyrir atvinnulífi, stjórnvöldum og almenningi hvernig áhrif reglugerðarinnar muni birtast þessum aðilum, t.d. með raunhæfum dæmum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Viðauki
Skráningarskyldur atvinnurekstur.

1. Búfjár- og dýrahald

- 1.1 Kanínurækt
- 1.2 Hestahald
- 1.3 Dýraspítalar.
- 1.4 Hunda- og kattageymslur
- 1.5 Gæludýraverslanir
- 1.6 Dýrasnyrtistofur

2. Efnaiðnaður

- 2.1 Prentiðnaðarfyrirtæki
- 2.2 Efnalaugar
- 2.3 Snyrtivöruframleiðsla
- 2.4 Framköllun t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum
- 2.5 Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
- 2.6 Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað
- 2.7 Vinnsla með plast- og frauðefni
- 2.8 Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
- 2.9 Gleriðnaður og speglagerð
- 2.10 Tannlæknastofur
- 2.11 Garðaúðun
- 2.12 Meindýravarnir

3. Matvælavinnsla

- 3.1 Kjötvinnsla með framleiðslu minna en 75 t/dag
- 3.2 Niðursuðuverksmiðjur
- 3.3 Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða með framleiðslu minna en 75 t/dag
- 3.4 Framleiðsla tilbúinna rétta með framleiðslu minna en 75 t/dag
- 3.5 Mjólkurstöðvar með framleiðslu minna en 200 t/dag
- 3.6 Framleiðsla mjólkurdufts
- 3.7 Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
- 3.8 Kaffibrennsla
- 3.9 Smjörlíkisgerðir
- 3.10 Kartöfluvinnsla með framleiðslu minna en 300 t/dag
- 3.11 Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
- 3.12 Lauksteikingarverksmiðjur
- 3.13 Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
- 3.14 Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni með framleiðslu minna en 300 t/dag
- 3.15 Kæli- og frystigeymslur

4. Meðferð og úrgangur

- 4.1 Gámastöðvar
- 4.2 Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni

5. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki

- 5.1 Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu
- 5.2 Bifreiða- og vélaverkstæði
- 5.3 Bifreiðasprautun
- 5.4 Ryðvarnarverkstæði
- 5.5 Smurstöðvar
- 5.6 Bensínstöðvar
- 5.7 Vöruflutningamiðstöðvar

- 5.8 Biðstöðvar leigubifreiða
- 5.9 Bið- og endastöðvar strætisvagna
- 5.10 Bón- og bílaþvottastöðvar
- 5.11 Sorpflutningar og sorphirða
- 5.12 Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða
- 5.13 Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi
- 5.14 Starfsmannabústaðir

6. Tímabundin starfsemi

- 6.1 Brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma og/eða bálköstur þar sem brennt er 1 m³ af efni eða meira. (áramót – Jónsmessa – ýmsir viðburðir)
- 6.2 Ýmiss konar tímabundin aðstaða, svo sem farandsalerni, farandeldhús og vinnubúðir sem tengjast tímabundnum framkvæmdum
- 6.3 Niðurrif húsa og annarra bygginga

7. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu

- 7.1 Gúmmívinnsla
- 7.2 Trésmíðaverkstæði
- 7.3 Sögunarmyllur
- 7.4 Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
- 7.5 Leðurvinnsla
- 7.6 Vefnaðar- og spunaverksmiðjur

8. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum.

- 8.1 Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur
- 8.2 Leirmunaverkstæði afkastageta minni en 75 t/dag eða rúmtak ofns minni en 4 m³
- 8.3 Steypueiningaverksmiðjur

9. Vinnsla úr járn og öðrum málum

- 9.1 Stálsmiði og stálskipagerð
- 9.2 Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
- 9.3 Vélaframleiðsla
- 9.4 Vinnsla á málum í raftækniíðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði

10. Ýmislegt

- 10.1 Almenningsalerni
- 10.2 Gististaðir í flokki II
- 10.3 Hársnyrtistofur
- 10.4 Íþróttavellir án þjónustuhúss
- 10.5 Kírópraktorar
- 10.6 Nuddstofur
- 10.7 Skemmtigarðar, götuleikhús, tívolí, fjölleikahús og þess háttar
- 10.8 Sólbaðstofur
- 10.9 Stórar vörugeymslur
- 10.10 Þvottahús